

Alþingi
Allsherjar- og menntamálanefnd
150 Reykjavík



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 13. september 2016

Tilvísun: 2016091253VEL/--

Efni: Frumvarp til laga um námslán og námsstyrki, 794. mál.

Persónuvernd vísar til frumvarps til laga um námslán og námsstyrki (þskj. 1373, 794. mál á 145. löggjafarþingi).

Þau ákvæði frumvarpsins sem einkum varða vinnslu persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífs eru 25. og 26. gr. þess. Í tengslum við þessi ákvæði leggur Persónuvernd áherslu á þá kröfu sem felst í 71. gr. stjórnarskrárinnar að gætt sé meðalhófs þegar sett eru lagaákvæði sem fela í sér íhlutun í einkalífsréttindi manna. Í því felst að slík ákvæði eiga ekki að fela í sér rýmri heimildir heldur en efni standa til, auk þess sem þau verða að vera skýr svo að girt sé fyrir að framkvæmd á grundvelli þeirra leiði til ómálefnalegra einkalífsskerðinga.

Að auki gerir Persónuvernd eftirfarandi athugasemdir við einstök ákvæði frumvarpsins:

1.

Ákvæði 25. gr. frumvarpsins

Í 25. gr. frumvarpsins er fjallað um upplýsingagjöf til Lánasjóðs íslenskra námsmanna (LÍN). Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að lántaka beri að veita LÍN upplýsingar sem nauðsynlegar eru til afgreiðslu erindis hans. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að innlendum skólum sé skylt að láta í té nauðsynlega aðstoð við framkvæmd laganna, þ. á m. upplýsingar um framvindu náms umsækjanda. Í þriðja lagi er ríkisskattstjóra og öðrum opinberum aðilum gert skylt að láta sjóðnum í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd laganna.

Í athugasemdum við framangreint ákvæði kemur fram að ákvæðið sé sambærilegt 14. gr.

núgildandi laga nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Þá segir að bætt sé við ákvæðið að ríkisskattstjóri og aðrir opinberir aðilar skuli veita sjóðnum upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd laganna, sbr. umfjöllun í almennum athugasemdum. Í almennum athugasemdunum er að finna stutta umfjöllun um framangreint ákvæði þar sem fram kemur að í ákvæðinu sé fjallað um upplýsingagjöf frá nemendum sem og frá opinberum stofnunum, svo sem ríkisskattstjóra, Þjóðskrá, sýslumanni, Tryggingastofnun og fleiri opinberum aðilum sem eru sjóðnum nauðsynlegar til að framfylgja lögnum.

Lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, ganga út frá því meginsjónarmiði að við alla vinnslu persónuupplýsinga skuli huga að gagnsæi vinnslunnar og sjálfsákvörðunarrétti hins skráða. Í gagnsæi felst nánar að hinn skráði, í þessu tilviki lántaki, geti gert sér grein fyrir hvaða upplýsingar verður unnið með um hann. Þá felur sjálfsákvörðunarrétturinn í sér að hinn skráði sjálfur taki ákvörðun þar að lútandi eftir því sem frekast er unnt. Þannig ganga lög nr. 77/2000 út frá því að ábyrgðaraðili vinnslunnar, í þessu tilviki LÍN, geti uppfyllt framangreindar kröfur um gagnsæi og sjálfsákvörðunarrétt, svo að vinnsla teljist heimil. Í þessu sambandi bendir Persónuvernd á að í framangreindu ákvæði 25. gr. frumvarpsins er hvergi að finna afmörkun á því til hvaða persónuupplýsinga framangreind upplýsingaöflun skuli taka né heldur hvaða „aðra opinbera aðila“ þar sé átt við. Þá vantar í athugasemdir með frumvarpinu rökstuðning á því *hvers vegna* LÍN sé nauðsynlegt að afla ótilgreindra persónuupplýsinga frá ótilgreindum fjölda opinberra aðila.

Persónuvernd telur, að til þess að hægt sé að fallast á að ákvæðið falli að þeim kröfum sem 71. gr. stjórnarskrárinnar gerir, sem og lög nr. 77/2000, verði að afmarka nánar í hvaða tilvikum upplýsingaöflun fari fram, til hvaða upplýsinga slík beiðni nái og frá hverjum þær stafi bæði hvað varðar afhendingu upplýsinga frá lántaka til LÍN og hvað varðar upplýsingabeiðni LÍN til annarra opinberra aðila, að lántakanda forspurdum.

Þá verður ekki skýrlega ráðið af ákvæðinu hvort LÍN sé einnig heimilt að afla upplýsinga um *maka* lántaka, en af öðrum ákvæðum frumvarpsins, s.s. 2. mgr. 10. gr. þess, má ætla að slík upplýsingaöflun geti verið nauðsynleg. Persónuvernd telur að heimild til að afla upplýsinga um maka verði að liggja skýrt fyrir, s.s. þegar tekin er ákvörðun um hvort veita megi undanþágu frá kröfum um lágmarksframvindu. Hér verður einnig að líta til þess hjón eru samsköttuð og bera gagnkvæma framfærsluskyldu, sbr. 2. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993.

Þá telur Persónuvernd að ekki verði ráðið með skýrum hætti af ákvæðinu hvort LÍN sé heimilt að afla persónuupplýsinga um *aðra fjölskyldumeðlimi* en að mati Persónuverndar verður slík upplýsingasöfnun sjaldnast talin málefnaleg, sér í lagi ef um er að ræða ólögráða einstaklinga.

Í nýlegum úrskurði Persónuverndar nr. 2015/1619 er fjallað um vinnslu persónuupplýsinga hjá LÍN. Kvartandi var maki lántakanda hjá LÍN en maki hans hafði sótt um undanþágu frá afborgun af láni sem hún tók fyrir þeirra kynni. Í úrskurðinum komst Persónuvernd m.a. að þeirri niðurstöðu að LÍN hefði ekki veitt kvartanda fræðslu um vinnslu persónuupplýsinga sem fram fór um hann, m.a. frá hverjum LÍN aflaði upplýsinga um kvartanda. Persónuvernd bendir á að huga þarf að framangreindu við afgreiðslu þessa frumvarps.

Samkvæmt framansögðu telur Persónuvernd að eins og ákvæðið er sett fram nú að það feli í sér of víðtæka heimild til vinnslu persónuupplýsinga um lántaka, maka hans og fjölskyldu. Persónuvernd telur að afmarka verði með skýrum hætti í lögnum hvaða upplýsingar eru nauðsynlegar fyrir LÍN þegar lagt er mat á hvort lántaki eigi rétt á námslánum og námsstyrkjum eða óski eftir undanþágu frá lögnum, sbr. 10. og 18. gr. frumvarpsins. Einnig þarf að afmarka nánar hvenær, í hvaða tilvikum og frá hverjum LÍN er nauðsynlegt að afla upplýsinga um

lántaka, og eftir atvikum maka hans, sem og veita fræðslu um þá vinnslu.

2.

Ákvæði 26. gr. frumvarpsins

Í 26. gr. frumvarpsins er fjallað um þagnarskyldu. Þar segir m.a. að starfsmenn LÍN, stjórnarmenn og aðilar sem fá upplýsingar frá sjóðnum í tengslum við hefðbundna starfsemi hans, svo sem verktakar, sérfræðingar eða starfsmenn Stjórnarráðsins, séu bundnir þagnarskyldu um einstaklingsbundnar upplýsingar sem leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli máls nema skylt sé að veita slíkar upplýsingar lögum samkvæmt eða dómari úrskurði um slíka skyldu. Þá segir enn fremur að þagnarskylda gildi ekki um upplýsingar sem nauðsynlegt sé að veita á vettvangi þar sem þær geti orðið opinberar, svo sem vegna ágreinings fyrir dómstólum eða stjórnvöldum.

Persónuvernd gerir athugasemdir við að gert sé ráð fyrir því að starfsmenn Stjórnarráðsins fái aðgang að persónuupplýsingum um umsækjendur hjá LÍN. Í athugasemdum við ákvæðið í frumvarpinu er ekki að finna nánari útskýringu á því í hvaða tilvikum starfsmenn Stjórnarráðsins gætu þurft á aðgangi að persónugreinanlegum upplýsingum um umsækjendur að halda. Þannig virðist ekki vera gert ráð fyrir að umsækjandi geti leitað úrskurðar ráðherra um ákvörðun LÍN um námsaðstoð, námsstyrk eða námslán. Þá kemur hvergi fram í frumvarpinu að LÍN verði heimilt að miðla persónuupplýsingum um umsækjendur til starfsmanna Stjórnarráðsins, að því er virðist án milligöngu umsækjanda, og vandséð í hvaða tilvikum slíkt gæti verið málefnalegt og nauðsynlegt.

Persónuvernd telur að gæta verði sérstakrar varúðar þegar víkja á frá lögbundinni þagnarskyldu en orðalag 2. mgr. 26. gr., eins og það er orðað nú, gefur til kynna að LÍN gæti tjáð sig án takmarkana á opinberum vettvangi, þ.m.t. í fjölmiðlum, um málefni einstaklinga sem hafai verið í samskiptum við sjóðinn og hafa lýst sig ósammála málsmeðferð eða ákvörðunum hans. Persónuvernd er ekki kunnugt um að slíka heimild sé að finna annars staðar í íslensku löggjöf. Þá telur Persónuvernd ákvæði sem þetta geta skarast á við þau sjónarmið sem búa að baki ákvæðum annarra laga um þagnarskyldu opinberra starfsmanna, sbr. 18. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og 136. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Tillaga Persónuverndar

Með vísan til framangreinds leggur Persónuvernd til að ákvæði 26. gr. frumvarpsins verði svohljóðandi:

„Starfsmenn Lánasjóðs íslenskra námsmanna, stjórnarmenn, verktakar og sérfræðingar á vegum Lánasjóðsins eru bundnir þagnarskyldu um einstaklingsbundnar upplýsingar sem leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli máls nema skylt sé að veita slíkar upplýsingar lögum samkvæmt eða dómari úrskurði um slíka skyldu. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.“

F.h. Persónuverndar,


Helga Þórisdóttir


Vigdís Eva Línal